

**Nd.**

**96. Frumvarp til laga**

**[87. mál]**

um laun ráðherra o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

**1. gr.**

Ráðherrar skulu hafa að ársláunum kr. 65 000 að viðbætti verðlagsuppbót, sem greiðist eftir sömu reglum og á laun annarra starfsmanna í þjónustu ríkisins.

**2. gr.**

Nú hefur maður gegnt ráðherraembætti í 2 ár samfleytt eða lengur, og á hann þá rétt á biðlaunum, er hann lætur af því starfi.

Biðlaun skal greiða í 6 mánuði, talið frá 1. degi næsta mánaðar eftir að hlutaðeiganda var veitt lausn frá ráðherraembætti. Biðlaun skulu vera 70% af launum ráðherra, eins og þau eru á biðlaunatímanum. Nú tekur sá, er biðlauna nýtur, stöðu í þjónustu ríkisins, og fellur þá niður greiðsla biðlauna, ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka 6 mánaða tímans.

**3. gr.**

Nú hefur maður gegnt ráðherrastöðu samtals lengur en 10 ár, og á hann þá rétt til eftirlauna, þegar hann hefur náð 65 ára aldri.

Eftirlaun skulu nema 50% af meðallaunum ráðherra næstu 10 ár á undan því ári, er hlutaðeigandi öðlast eftirlaunaréttinn. Koma skal til frádráttar eftirlaunum samkvæmt þessari grein lífeyrir, sem greiddur kann að verða úr sérstökum lífeyrissjóðum.

Nú andast maður, er eftirlaun tekur samkvæmt þessari grein, og skal þá greiða ekkju hans 60% þeirra eftirlauna, sem hann naut, þó með þeim takmörkunum, sem um getur í síðari málslíð næstu mgr. hér á undan.

Ef maður, sem fullnægir skilyrði því, sem sett er í 1. mgr. þessarar greinar, andast, áður en hann hefur náð 65 ára aldri, þá á ekkja hans rétt á eftirlaunum, sem svarar 30% af meðallaunum ráðherra næstu 10 ár á undan dánarári manns hennar. Gilda skulu þó hér sömu takmarkanir og í næstu mgr. á undan.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1956.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Nefnd sú, er samdi frumvarp til launalaga, sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi, telur rétt að setja sérstök lög um laun ráðherra, og gerir tillögur um það. Hefur ríkisstjórnin fallið á þessa skoðun nefndarinnar og er frumvarp þetta samhljóða tillögum hennar.

Frumvarpinu fylgdi af hálfu nefndarinnar svo hljóðandi greinargerð:

Nefndarmenn hafa orðið á eitt sáttir um það að leggja til, að laun ráðherra verði ákveðin með sérstökum lögum, svo sem var, áður en núgildandi launalög

voru sett. Veldur þar mestu um, að ráðherrar eru eigi fastir starfsmenn með sama hætti og aðrir þeir, sem launalög taka til, svo og að nefndin telur, að í sambandi við kjör ráðherranna þurfi að taka til athugunar fleiri atriði en sjálf launin. Er nánar vikið að tillögum nefndarinnar um þetta í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins.

#### Um 1. gr.

Árslaun ráðherra eru hér ákveðin kr. 65 000, eða tæplega 6000 kr. hærri en laun samkvæmt I. launaflokki í frumvarpi nefndarinnar að nýjum launalögum. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir, að greidd sé verðlagsuppbót á ráðherralaunin eftir sömu reglum og á laun annarra starfsmanna í þjónustu ríkisins.

#### Um 2. gr.

Í gr. er svo fyrir mælt, að maður, sem gegnt hefur ráðherraembætti samfleytt 2 ár eða lengur, skuli eiga rétt á biðlaunum, þegar hann lætur af því starfi. Oftast er það svo, að menn hverfa frá öðru starfi, er þeir taka við ráðherraembætti, og er þá stundum undir hælinn lagt, hvort þeir geta horfið að sömu stöðu aftur, ef langur tími líður svo, að þeir geti eigi rækt hana. Verður að telja sanngjarnt, að maður, sem gegnt hefur svo ábyrgðarmiklu, en jafnframt svo ótryggu starfi í þjónustu ríkisins sem ráðherraembætti er, eigi kost á sómasamlegum launum í hæfilegan tíma, meðan hann svipast um eftir öðru starfi. Vitaskuld er álitamál, hversu há biðlaun skuli vera. Tillaga nefndarinnar er, að þau séu 70% af ráðherralaunum eins og þau eru á biðlaunatímanum. Í samræmi við ákvæði 13. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er svo fyrir mælt í síðasta málslíð gr., að fái sá, er biðlauna nýtur, stöðu í þjónustu ríkisins, skuli falla niður biðlaunin, ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn. Getu má þess, að í nágrannalöndunum, t. d. Danmörku, eru í lögum sérstök ákvæði um biðlaun ráðherra, þótt með öðrum hætti sé en hér er lagt til.

#### Um 3. gr.

Sanngjarnt þykir, að manni, sem á starfsævi sinni hefur gegnt ráðherraembætti lengur en 10 ár samtals, sé tryggður réttur til eftirlauna, þegar hann hefur náð 65 ára aldri. Felst í ákvæðum 2. mgr., að þegar svo stendur á, eru þeim, sem blut eiga að máli, tryggð eftirlaun, sem nema 50% af meðallaunum ráðherra næstu 10 ár á undan því ári, er hann öðlast eftirlaunaréttinn. Til frádráttar skal koma lífeyrir, sem greiddur kann að verða úr sérstökum lífeyrissjóðum, og sé sá lífeyrir jafnhár eða hærri, verður auðvitað eigi um að ræða eftirlaunagreiðslur samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Í 3. og 4. mgr. eru hliðstæð ákvæði um eftirlaun til ekkju manns, er uppfyllir skilyrði 1. mgr. þessarar greinar.